

## **Fundur umhverfis- og skipulagsráðs 11. janúar 2023:**

### **Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um að fulltrúi leigjenda sitji í Umhverfis- og skipulagsráði**

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að fulltrúi leigjenda sitji í ráðinu. Leitað verði til Samtaka leigjenda vegna tilnefningar í ráðið. Í kjölfarið verði tilnefndum aðila boðin seta á fundum umhverfis- og skipulagsráðs.

#### **Greinargerð:**

Það er þekkt að aðilar sem hafa hagsmuni af málefnum ráða í Reykjavík hafi þar setu. Í skóla- og frístundaráði sitja þannig fulltrúar kennara og stjórnenda sem áheyrnarfulltrúar og geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Það er mikilvægt að slíkt hið sama gildi í umhverfis- og skipulagsráði. Leigjendur hafa mikla hagsmuni af því hvernig skipulag íbúða er háttað enda getur það haft mikil áhrif á þeirra lífsafkomu. Auk þess hafa öll skipulags- og samgöngumál óbein áhrif á þennan hóp. Því er mikilvægt að fulltrúi á þeirra vegum sitji ráðinu. Samtök leigjenda hafa verið í forsvari fyrir þennan hóp og unnið þrekvirki í þeirra hagsmunabaráttu. Um er að ræða formleg samtök sem búa yfir mikilli þekkingu á leigjendamálum. Því er æskilegt að fulltrúi á þeirra vegum sé tilnefndur í umhverfis- og skipulagsráð.